

Nr. 004 / 15 Jón Vídalín VE 82***Skipverji slasast á þilfari***

Skipaskr.nr. 1275
IMO 7300722
Smíðaður: Muroran Japan 1972, stál
Stærð: 548,4 brl. 808,8 bt.
Mesta lengd: 55,82 m Skráð lengd: 51,45 m
Breidd: 9,5 m Dýpt: 6,5 m
Vél: Niigata 1691kW, 1986
Fjöldi skipverja: 13



Jón Vídalín ©Hilmar Snorrason

Gögn:

Gögn RNS

Málið afgreitt á fundi 15. júní 2015 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni.

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 9. nóvember 2014 var Jón Vídalín VE 82 á togveiðum á Vestfjarðamiðum. Veður: NA 15-18 m/s.

Skipverjar voru að taka trollið en þegar verið var að hífa grandarann reis stór alda og afturþilfarið fylltist af sjó. Við þetta kastaðist einn skipverji á gilsaspilið og slasaðist talsvert m.a. rifbeinsbrotnaði og marðist á lungum.

Við rannsókn kom fram:

- að óvænt fylla kom aftur á skipið („sprengibrot“) þegar verið var að taka trollið.

Nefndarálit:

Nefndin ályktar ekki í málinu.